

## Sjúkdómsgreiningar og lyf 25. sept. 2015

Hrifning af sjúkdómsgreiningum með tilheyrandi lyfjafári færist stöðugt í vöxt. Samtímis vex gróði lyfjafyrirtækjanna, sem oft og tíðum hafa lækna (og aðra fagmenn) í þjónustu sinni, stjórn mála- og embættismenn í vasanum. Börn eru (geð)greind yngri og yngri.

Greiningarhugsunin heltók heilbrigðiskerfið vitanlega fyrir margt löngu. Það er engu líkara en geðgreiningarlistar geðlækna í Evrópu og BNA séu orðnir að biblíu geðgreiningartrúarbragðanna. Ég hef eftir áreiðnalegum heimildum að foreldrar og kennarar séu engu síður heittrúaðir á gildi þess háttar greininga, en "geðpáfarnir" sjálfir. Tryggingakerfi og félagsþjónusta þrýsta sömuleiðis á um slíkar greiningar. Þetta er sorglegt. Öll þessi tilbúna skelfing er tímans teikn. Hér fyrir neðan er greint frá einn einu "lyfinu", sem læknar láta sig glepja til að skrifa út til fjölda fólks. Varla það síðasta.

[http://www.nytimes.com/2015/09/17/health/antidepressant-paxil-is-unsafe-for-teenagers-new-analysis-says.html?smid=fb-share&\\_r=0](http://www.nytimes.com/2015/09/17/health/antidepressant-paxil-is-unsafe-for-teenagers-new-analysis-says.html?smid=fb-share&_r=0)